



Til: Þór Gunnarsson <thor.gunnarsson@mast.is>
Afrit: Bryndís Guðrún Róbertsdóttir <bgr@os.is>, fiskistofa@fiskistofa.is, gudval@fiskistofa.is, lhg@lhg.is, samgongustofa@samgongustofa.is, hafro@hafro.is, ni.is, ust@ust.is, os@os.is, hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is, Jón Gunnar Ottósson/NI.IS@NI.IS, elvar@ispolar.is
Efni: Re: Til umsagnar: Umsókn Fjarðarskeljar ehf um skeldýrarækt við Saurbæ í Hvalfirði
Upplýsingar: Sent: 28.01.2015 14:36:22 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2014120008, Bréfalyklar: 42-0 almennt

Tilvísun í mál: 2014120008

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts/bréfs frá Matvælastofnun, dags. 18. desember 2014, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegn umsóknar Fjarðarskeljar ehf um leyfi til að stunda skeldýrarækt við Saurbæ í Hvalfirði sbr. gögn málisins. Um er að ræða umsókn um tilraunleyfi.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að veitt verði leyfi/tilraunaleyfi til skeldýraræktar á viðkomandi svæði enda um að ræða eldi á krækling/bláskel, *Mytilius edulis*, sem fyrir er á svæðinu.

Kræklingaeldi eða fyrirhugað eldi á krækling er víða í Hvalfirði. Af þeim sökum vill Náttúrufræðistofnun minna á afstöðu stofnunarinnar sem kom fram í bréfi til Matvælastofnunar frá 16. janúar 2012 þar sem m.a. er almennt komið inn á val á svæðum til ræktunar á skeldýrum.

Virðingarfyllt

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



From: Þór Gunnarsson <thor.gunnarsson@mast.is>
Date: 18.12.2014 15:23:29
To: Bryndís Guðrún Róbertsdóttir <bgr@os.is>, fiskistofa@fiskistofa.is, gudval@fiskistofa.is, lhg@lhg.is, samgongustofa@samgongustofa.is, hafro@hafro.is, ni@ni.is, ust@ust.is, os@os.is, hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is
cc: elvar@ispolar.is
Subject: Til umsagnar: Umsókn Fjarðarskeljar ehf um skeldýrarækt við Saurbæ í Hvalfirði

Tilvísun í mál: Mast14050172

Ágæti viðtakandi

Matvælastofnun hefur sent yður bréf dags 18.12..2014 þar sem leitað er umsagnar um "Umsókn Fjarðarskeljar ehf um skeldýrarækt við Saurbæ í Hvalfirði". Samkvæmt bréfinu eru yður nú send fylgiskjöl ásamt umsókninni í tölvupósti.

Að gefnu tilefni vill Matvælastofnun benda á að "Tilraunaleyfi" veitir engin réttindi, nema til að gera nauðsynlegar athuganir, þar með talin heilnæmiskönnun á hvort aðstæður gætu henntað til ræktunar á umræddu svæði. Matvælastofnun getur því fyrir sitt leiti samþykkt að svæðið sem til athugunar er sé skilgreint eins og gert í umsókn, að því tilskildu að línur og annar búnaður til tilraunaræktunar sé

staðsettur utan netalaga og tilkynning send um staðsetningu hans til Matvælastofnunar og Landhelgisgæslunnar.

Umsagnarfrestur er til 1. febrúar 2015 , í stað 4 vikna eins og tilgreint er í bréfinu.

Vinsamlegast staðfestið móttöku tölvupóstsins.

(See attached file: Umsókn Fjarðarskeljar um skelrækt við Saurbæ í Hvalfirði.pdf)